

**Nd.**

**614. Breytingartillögur**

**[103. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „óvenjulegum snjóalögum“ í 2. efnismálsgr. komi: sbr. þó ákvæði 3. málsgr.
2. Á eftir 2. efnismálsgr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar, er slíka viðvörðun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.
3. 3. efnismálsgr. (verður 4. málsgr.) orðist svo:

Nú rís ágreiningur um það, hver á sök á, að fé kemst í skógræktargirðingu og spillir gróðri, svo og um bætur, og skulu þá tveir dómkvaddir menn skera úr ágreiningu og meta bætur. Er hlutaðeigendum skylt að hlíta þeim dómi.